



Fundargerð hreppsnefndar 05. september 2013

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 5. sept. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórunn Egilsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 22. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 22. ágúst sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 28. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 28. ágúst sl.

Fram kom fyrirspurn varðandi 2. tl. fundargerðarinnar “Fagrihjalli 9 og 11” og var henni svarað.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál Fundargerð umhverfisnefndar frá 22. ágúst sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð umhverfisnefndar frá 22. ágúst sl.

Gerð var grein fyrir því að nefndin hefur gert tillögur um verðlaunagarð og býli og munu viðurkenningar verða veittar á næstunni.

4. mál. Fundargerðir stjórnar og aðalfundar Skiphólma ehf. frá 30. ágúst sl.

Lagðar fram fundargerðir stjórnar- og aðalfundar Skiphólma ehf. frá 30. ágúst sl.

Í fundargerð aðalfundarins kemur fram að í stjórn fyrirtækisins voru kosnir sem aðalmenn: Bárður Jónasson, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir og sem varamenn: Þórunn Egilsdóttir og Eyjólfur Sigurðsson.

Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

5. mál. Framhaldsskóladeild á Vopnafirði, bréf til Menntamálaráðuneytisins.

Gerð var grein fyrir fundi fulltrúa sveitarfélagsins og sérstakrar nefndar um stofnun

framhaldsskóladeildar, sem haldinn var á skrifstofu sveitarstjóra 29. ágúst sl.

Jafnframt voru kynnt drög að bréfi til Menntamálaráðuneytisins, þar sem óskað er eftir framlagi á fjárlögum ársins 2014 til stofnunar framhaldsskóladeildar á Vopnafirði sem áætlað er að taki til starfa haustið 2014.

Nokkrar umræður urðu um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Í framhaldi var sveitarstjóra falið að senda fyrirliggjandi bréf til ráðuneytisins og óska jafnframt sem fyrst eftir fundi með forsvarsmönnum framhaldsskólanna á Egilsstöðum og í Neskaupsstað.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

6. mál Drög að lögreglusamþykkt fyrir Vopnafjarðarhrepp.- Fyrri umræða-

Lögð fram lög um lögreglusamþykktir og drög að lögreglusamþykkt fyrir Vopnafjarðarhrepp. Slík samþykkt hefur ekki verið til fyrir sveitarfélagið og hefur því í þessum málum gilt reglugerð nr. nr. 1127 um lögreglusamþykktir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi drögum að lögreglusamþykktum. Í máli hans kom fram að æskilegt væri að slíkar samþykktir væru til fyrir sveitarfélagið, enda þótt slíkt væri ekki laga skylda.

Hann lagði síðan til að samþykktunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn og óskaði eftir því að sveitarstjórnarmenn nýttu tímann milli umræðna til þess að fara vel yfir samþykktirnar og koma

með tillögur að breytingum á hreppsskrifstofuna ef þeir teldu nauðsynlegt að breyta einhverju. Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Að því loknu var samþykkt samhljóða að vísa samþykktunum til síðari umræðu eins og lagt hafði verið til.

7. mál Úrsagnir úr nefndum, húsnæðisnefnd og fræðslunefnd.

Lögð fram bréf frá Hrafnhildi Ævarsdóttur, þar sem hún segir sig úr húsnæðisnefnd og frá Signýu Kristjánsdóttur, þar sem hún segir sig úr skólanefnd. Í bréfunum koma fram ástæður þess að þær óska eftir að hætta störfum í viðkomandi nefndum.

Hreppsnefnd þakkar viðkomandi aðilum fyrir gott samstarf á þessum vettvangi.

Ekki er að svo stöddu talin ástæða til þess að kjósa nýja aðila í nefndirnar heldur ráðgert að varamenn komi inn.

8. mál. Bremenports, samstarf, staða mála.

Gerð var grein fyrir fundum sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar með fulltrúum verkfræðistofunnar Eflu og Bremenports frá Bremen í Þýskalandi dagana 28. og 29. ágúst sl.

Einnig lögð fram gögn er sýna nánar hverjir voru á fundunum og með hverjum var fundað þess daga.

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir heimsókn þessara aðila og þeirri vinnu sem átti sér stað þessa daga til að koma á sem bestu samstarfi allra þessara aðila.

Fram kom að í næsta mánuði er áætlað að halda borgarafund í sveitarfélögunum, þar sem þessir aðilar munu kynna áform sín í þessum efnunum og hvernig þeir munu standa að undirbúningsvinnu og ransóknum vegna hugsanlegrar byggingar stórskipahafnar í Finnafirði.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með framgang mála, en lögðu jafnframt á það áherslu að kalla sem fyrst eftir fundi með forsvarsmönnum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps þar sem tekið yrði á því hvernig best væri staðið að undirbúningi þessara mála og samvinna sveitarfélagana styrkt ennfrekar en orðið er með gerð sérstaks samnings þar um.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

9. mál. Reykjavíkurflogvöllur, fyrirhuguð lokun flugvallarins.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur margoft ályktað um mikilvægi þess að Reykjavíkurflogvöllur verði til staðar í Vatnsmýrinni.

Ljóst er að hlutverk innanlandsflugsins er mikið fyrir landsmenn alla hvort heldur þeir búa á landsbyggðinni eða í höfuðborginni.

Samgöngur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins eru mjög mikilvægar í vali fólks á búsetu á hverjum tíma. Að þessum samgöngumáta ber því að hlú. Mikilvægt er að Reykjavíkurflogvöllur verði á sínum stað svo ferðatími milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar verði sem stytstur á hverjum tíma.

Á fundinum var lögð fram svofelld ályktun:

“Ennþá einu sinni dynur yfir landsmenn fréttáflutningur þess efnis að skipulagsyfirlönd Reykjavíkurborgar hyggist láta loka norður-suður braut Reykjavíkurflogvallar árið 2016. Að sögn forsvarsmanna Flugfélags Íslands er talið að með slíkri aðgerð sé kippt stoðum undan áframhaldandi áætlunarflugi í Vatnsmýrinni.

Með flutningi Reykjavíkurflogvallar, til að mynda til Keflavíkur, mun ferðatími verða svo langur og ferðakostnaður það mikill að óásættanlegt væri að sækja opinbera þjónustu með sama hætti og nú er gert til Reykjavíkur. Ennfremur yrði með slíkri aðgerð tekin of mikil áhætta með sjúkraflog til höfuðborgar.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar framtaki félagsins “Hjartað í Vatnsmýrinni”, sem stendur fyrir undirskriftarsöfnun fyrir óbreyttum flugsamgöngum til höfuðborgar allra landsmanna, á slóðinni www.lending.is. og mælist til þess að sem flestir skrifi undir stuðningsyfirlýsinguna.

Hreppsnefnd hvetur landsmenn alla til þess huga að mikilvægi þess að flugsamgöngur til höfuðborgarinnar verði ekki skertar með þeim hætti sem hugmyndir eru uppi um.

Auk þess er mælt til þess að Ríkisvaldið, Reykjavíkurborg og landsbyggðin öll standi sameiginlega vörð um það að flugsamgöngur til höfuðborgarinnar verði síst verri hér eftir sem hingað til.”

Miklar umræður urðu um fyrirliggjandi ályktun og voru fundarmenn allir sem einn sammála um innihald hennar.

Samþykkt var samhljóða að fela sveitarstjóra að koma ályktuninni á framfæri við þar til gerð stjórnvöld.

10.mál. Malbiksframkvæmdir kostnaður og staða uppgjöra.

Lagt fram yfirlit yfir heildarkostnað við malbiksframkvæmdir, sem unnar voru í sumar skv. verksamningi við Malbikun KM. Samkvæmt yfirlitinu er heildarkostnaður við malbik og fín og grófjöfnun samtals 88.636 þús. kr., þar af eru 10.000 þús. kr. reikningsfærðar á árinu 2014. Unnið er að uppgjörum við vegagerðina varðandi þjóðvegi í þéttbýli. Nokkrar fyrirspurnir komu fram og var þeim svarað.

11. mál. Útrásir kostnaðarmat og áætlun um næst skref.

Gerð var grein fyrir skýrslu, sem unnin var af verkfræðistofu Austurlands árið 2001 um fráveitumál á Vopnafirði. Þar var gerð áætlun um það hvernig staðið yrði að úrlausn fráveitumála til framtíðar í sveitarfélaginu. Í meginatriðum gengur málið út á það að flytja allt skolp, sem til fellur í sveitarfélaginu að svokölluðu Kolaporti og þaðan fari það í hreinsistöð og um eina lögn út fyrir stórstraumsfjöruborð.

Eftir þessari áætlun hefur verið unnið frá þessum tíma. Mikilvægt er að hefja vinnu við lokahönnun hreins- og dæalumannvirkja og lagnar út fyrir stórstraumsfjöruborð. Auk þess þarf að vinna kostnaðaráætlun og skoða möguleika á að áfangaskipta verkinu.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að láta vinna hönnun vegna útrásar og dælu -og hreinsistöðvar. Jafnframt skal láta vinna kostnaðaráætlun og láta skoða möguleika í áfnagaskiptingu verksins.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

- a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 20. ágúst sl.
Lögð fram til kynningar

Fleira ekiki gert og fundi slitið kl. 17.45